

Til Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Málefni: Fellsendarétt í Miðdölum.

Hundadal 16.12.2020

Ágæta sveitarstjórn. Sem réttarstjóri Fellsendaréttar um árabíl, sé ég mig knúin til að vekja athygli sveitarstjórnar á ástandi nefndrar réttar.

Viðhaldi hefur ekki verið sinnt svo orð sé á gerandi um langt árabíl, og nú er svo komið, að réttin er að nálgast það hröðum skrefum að verða lítt brúkhæf.

Steinsteypir veggir almennings og innrekstrargangs eru farnir að molna verulega og allvíða mjög sprungnir. Lamir og móttök hurða og hliða innrekstrargangs eru ísteypt í þessa vegg og munu því koma til með að falla með þeim. Dilkhurðir almennings, eru úr krossvið frá því að réttin var byggð, og eru nú ein af annari að detta í sundur vegna aldurs og fyrri starfa. Jarngrindur er afmarka dilka og úthring réttar, eru ryðbrunnar í sundur við jörð mjög víða. Einstaka bændur hafa tekið sig til sjálfir, og grafið og steipt jarðfestur. Þessar grindur voru síðast málaðar um 1985.

Þá er einnig ástand aðal safngirðingarhólfs réttarinnar, orðið þannig, að raða þarf fólki við girðinguna við innrekstur, til að forða því að féð hlaupi í gegn. Sumsé net girðingarinnar ryðbrunnið. Ekki er þó stórfellt verkefni að endurnýja girðinguna.

Máli mínu til frekari stuðnings og skilnings læt ég fylgja með nokkrar myndir teknir í réttinni nú í haust.

Með von um úrbætur fyrir næsta haust.

Bkv,

Sigursteinn Hjartarson